

Nd.

165. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 frá 17. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er framkvæmdanefnd að fyrirskipa, samkvæmt óskum sveitarstjórnar eða upprekstrarfélags, breyting á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til heftingar útbreiðslu veikinnar.

Breytingar þessar skulu bornar undir stjórnir nærliggjandi sveitar- eða upprekstrarfélaga áður en þær eru fyrirskipaðar.

Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.

2. gr.

Aftan við síðari málsgr. 18. gr. laganna bætist: Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að fella niður tíu aura gjaldið í þeim hreppum, sem garnaveikin (Johnesveikin) hefir valdið tjóni.

3. gr.

- a. Í stað orðanna „í árslok 1937“ í 1. tölul. 19. gr. laganna komi: í ársbyrjun árið áður en styrkurinn er veittur.
- b. Í stað orðanna „Til sýslu- og hreppavega“ í upphafi 2. tölul. sömu lagagr. komi: Til vegna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum nr. 45 frá 27. maí 1938, eru þessar:

- 1) Reynt að tryggja það, að ekki verði árekstur á milli samliggjandi sveitarstjórna eða upprekstrarfélaga vegna breytinga, sem gerðar kunna að verða á smölun og réttum, sem lögin heimila, að gerðar verði frá því, sem ákveðið er í viðkomandi fjallskilareglugerðum, með því að taka nærliggjandi hreppstjórnir eða stjórnir upprekstrarfélaga til ráðuneytis um breytingarnar.
- 2) Allsterkar kröfur hafa horizt frá þeim sveitarfélögum, þar sem garnaveikin hefir valdið tjóni, að þau verði leyst undan 10 aura gjaldi því, sem lögin ákveða á fjáreigendur utan mæðiveikisvæðanna til styrktar vörnunum. Nefndin sá ekki annað fært en að verða við kröfum þessum.
- 3) a. Skilyrði fyrir því, að bændur geti fengið vaxtatillag samkvæmt lögnum, er, að þeir hafi sannað skuldir sínar fyrir skattanefnd í árslok 1937. Ákvæði þetta var réttmætt þegar það var sett, en er nú orðið úrelt, sökum þess að það útilokar frá styrknum marga af þeim mönnum, er á síðari árum hafa misst fé sitt úr veikinni og ber því styrkur þessi jafnt og öðrum, sem lögin nú ná til.
b. Ákvæðinu um, að vegafé því, sem veitt er samkvæmt lögnum, skuli einungis varið til sýslu- og hreppavega, er breytt þannig, að heimilt skuli einnig að verja því til þjóðvega, þar sem það þykir af einhverjum ástæðum bezt henta.

Nánar í framsögu.